



Reykjavíkurborg

VEL2020060021
SFS2020060160
RÁ/kg
HG/geb

Mannréttindaráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu fulltrúa Flokks fólksins um að bæta réttindi barna á Íslandi

Á fundi mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar sem haldinn var 10. október 2019 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu:

Tillaga Flokks fólksins um að mannréttindaráð beiti sér með formlegum hætti í að bæta réttindi barna á Íslandi og hafi til hliðsjónar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Til að afmarka þessa tillögu frekar vill fulltrúi Flokks fólksins benda á þann ójöfnuð sem ríkir þegar kemur að greiðslu þátttökugjalda á ýmsum viðburðum sem tengjast skólum borgarinnar. Borgarfulltrúi hefur undir höndum svör frá 36 skólum (fengið frá skóla- og frístundasviði) þar sem spurt var um hver greiðir viðburði og ferðir barnanna sem eru í tengslum við skólann. Niðurstöður eru að skólar greiða yfirleitt kostnað vegna ferðalaga og viðburði. Foreldrar standa hins vegar einir straum af ferðum nemenda í 5 skólum og í 10 skólum standa þeir straum að aðgengi á árs hátíð og í þremur tilfellum greiða foreldrar sumarhátíð. Samkvæmt þessu eru börn ekki að njóta jafnræðis. Foreldrar með litið milli handanna geta kannski ekki greitt aðgang að árs hátíð, ferðir og sumarhátíð. Ef um systkini er að ræða getur verið óvinnandi vegur fyrir foreldra að greiða sem eru e.t.v. að fá innan við 100 þús. krónur í vasann til að lifa á mánuði eftir leigu. Þessa þætti þarf að samræma og finnst Flokki fólksins að mannréttindaráð eigi að taka þátt í því í samvinnu við aðra sem málið varðar.

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 11. júní 2020 var ofangreind tillaga fulltrúa Flokks fólksins frá 10. október 2019 lögð fram að nýju og var samþykkt að vísa henni til umsagnar skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins fagnar því að tillögunni sé vísað til umsagnar skóla- og frístundasviðs ásamt velferðarsviðs. Fyrir liggur að ekki allir foreldrar geta greitt aukalega fyrir þátttöku barna sinna í ferðum eða viðburðum. Mismunun í garð barna á grundvelli efnahags foreldra þeirra samrýmist ekki Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem kveður á um banni við mismunun af nokkru tagi. Í aðalnámskrá grunnskólanna segir að ekki skuli mismuna börnum eftir aðstæðum þeirra. Þegar kemur að skólanum, skólatengdum verkefnum, frístund og félagsstarfi á vegum Reykjavíkurborgar eiga öll börn að sitja við sama borð. Á bilinu 18- 35 þúsund búa við fátækt hverju sinni, eða 5-10% landsmanna. Af þeim eru 7-10 þúsund sem eru í mikilli neyð er stærsti hluti þeirra einstæðir foreldrar, öryrkjar og innflytjendur. Árið 2019 lagði borgarfulltrúi fram fyrirspurn um þátttökugjöld í grunnskólum og hverjir væru að greiða þau. Í 5 skólum standa foreldrar straum af ferðum barna sinna og í 13 skólum standa þeir straum að aðgengi á árshátíð og sumarhátíðum. Samkvæmt þessu eru visbendingar um að börn njóti ekki jafnræðis.

Skóla- og frístundasvið og velferðarsvið Reykjavíkurborgar taka undir tillögu Flokks fólksins um mikilvægi þess að bæta réttindi barna á Íslandi. Í starfi sviðanna er leitast við að bæta jöfnuð. Á skóla- og frístundasviði er starfandi verkefnastjóri Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna, sem hefur það hlutverk að stuðla að innleiðingu Barnasáttmálans á starfsstöðum sviðsins. Verkefnastjórinn hefur meðal annars komið að vinnu við að nokkrir skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar í Reykjavík hafa orðið Réttindaskólar og Réttindafrístund Unicef. Jafnframt hefur skóla- og frístundasvið starfandi Jafnréttisskóla sem stendur fyrir umfangsmikilli fræðslu um jafnréttismál til starfsstaða sviðsins.


Starfsfólk í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar er vakandi fyrir því að það sé ekki hindrun fyrir þátttöku í viðburðum að fjármagn á heimili sé af skornum skammti og leitast við að bjóða viðkomandi að taka þátt án greiðslu. Allir grunnskólar borgarinnar fá ákveðið fjármagn til að greiða fyrir félagsstarf og viðburði nemenda. Að auki standa skólar og foreldrafélög fyrir ýmis konar viðburðum og söfnunum til að afla fjár til að mæta kostnaði foreldra við ferðir og viðburði. Skólastjórar leita leiða við að tryggja að fjárhagur fjölskyldu komi ekki í veg fyrir þátttöku nemenda í viðburðum og ferðum á vegum skólans. Skóla- og frístundasvið leitast ávallt við að halda kostnaði við viðburði í skólustarfi í lágmarki.


Mikilvægt er að unnið verði að því draga úr ójöfnuði meðal barna og að öll börn fái að njóta þátttöku og tækifæra sem bjóðast í skóla- og frístundastarfi. Velferðarsvið veitir fjölskyldum og einstaklingum aðstoð vegna bágs fjárhags. Mikill meirihluti þeirra barna/fjölskyldna sem fá styrk til framfærslu eru einstæðir foreldrar. Á það einnig við um þær greiðslur sem heimilt er að veita fjölskyldum vegna aðstoðar við börn, ýmis konar stuðnings- og sérfræðivinnu, þátttöku í viðburðum o.fl. Auk þess hefur velferðarsvið heimild til að veita sérstaka aðstoð vegna barna sem hluta af stuðningi við börn og fjölskyldur, m.a. til að mæta kostnaði við þátttöku í ýmsum viðburðum sem

tengjast skóla- eða frístundastarfi. Íþrótt- og tómstundasvið heldur utan um Frístundakortið sem er styrkjakerfi í frístundastarfi fyrir 6-18 ára börn og unglinga með lögheimili í Reykjavík. Markmið og tilgangur Frístundakortsins er að öll börn og unglingar í Reykjavík 6-18 ára geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Frístundakortinu er ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþrótt-, lista og tómstundastarfsemi.

Nú liggja fyrir [drög að stefnu ríkisins um barnvænt Ísland](#). Markmið stefnunnar er að „*innleiða verklag og ferla sem tryggja jafnræði og markvissa þátttöku barna og ungmenna innan stjórnarsýslunnar, auka samstarf milli opinberra aðila, með farsæld og velferð barna að leiðarljósi, tryggja markvisst verklag við hagsmunamat út frá réttindum barna og heildstæða innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.*“ Fulltrúar skóla- og frístundasviðs hafa tekið þátt í vinnunni við gerð stefnunnar. Í stefnudrögunum er gert ráð fyrir að öll sveitarfélög á Íslandi verði [barnvæn samfélög](#) og innleiði réttindi barna með markvissum hætti. Jafnræði – bann við mismunun er grunnstef barnvænna sveitarfélaga og Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.

Þær stefnur sem Reykjavíkurborg hefur sett sér að vinna eftir í starfi með börnum og unglingum eru til að mynda Forvarnarstefna, Stefna um frístundaþjónustu og Menntastefna. Allar hafa þær það sem eitt af meginmarkmiðum að börn hafi jöfn tækifæri til þátttöku.

Regína Ásvaldsdóttir,

sviðsstjóri velferðarsviðs

Helgi Grímsson,

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs